

Umhverfisstofnun Áb. SF
03 JUNI 2004 54.55
Tilv. UST20040600013



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun, Austurhlíð, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Deild umhverfisáhrifa

Deild umhverfisáhrifa, Austurhlíð, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

Umhverfisstofnun, Austurhlíð, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Umhverfisstofnun, Austurhlíð, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

9. júní 2004

Tilvísun: UST20040600013/sf

Efnisvinnsla á Blikastaðanesi. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 26. maí, þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Efnisvinnsla

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér grjótnám á Blikastaðanesi vegna uppbyggingar á nýju íbúðarsvæði í Mosfellsbæ. Fram kemur í tilkynningu um framkvæmdina að áætlað er að efnisþörf verði innan við 150.000 m³. Einnig að jafnmikið efni verði losað á byggingarstöðum og því komið fyrir undir væntanlegum golfbrautum á Blikastaðanesi. Áætlað er að framkvæmdir hefjist seinni hluta árs 2004 og að þær standi til ársloka 2008.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í tilkynningu um framkvæmdina hversu mikið efni verður tekið á námasvæðinu. Eingöngu kemur fram að efnistaka verði innan við 150.000 m³ en það segir ekkert til um heildarmagn þess efnis sem áætlað er að vinna. Ekki er ljóst hver endanleg vinnsludýpt verður en í tilkynningunni segir að „ekki sé gert ráð fyrir að vinna námuna mikið niður fyrir kóta +2,0 m, eða eftir því sem áhrifa sjávarhæða gæti.“ Einnig vantar upplýsingar um jarðvegsþykkt og þar með magn ofanafýtingar sem og magn vinnanlegs efnis miðað við vinnsludýpt. Ofangreindar upplýsingar verða að liggja fyrir til þess að hægt sé að meta hvort efnistakan kunní að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif enda ráðast hugsanleg umhverfisáhrif efnistöku m.a. af efnismagni.

Samkvæmt gögnum um fyrirhugaða efnistöku er námasvæðið 6,8 ha eða 68.000 m². Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri ávallt háð mati á umhverfisáhrifum. Miðað við framangreint fellur fyrirhuguð efnistaka á Blikastaðanesi undir 1. viðauka fyrrgreindra laga. Einnig má benda á að miðað við vinnsludýpi niður í kóta +2,0, flatarmál námasvæðisins og núverandi

landhæð skv. skýringarmynd í tilkynningu um framkvæmdina getur efnistaka orðið mun meiri en 150.000 m³ á því svæði sem afmarkað er fyrir efnistöku.

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að sérstakur samningur verði gerður milli Mosfellsbæjar og ÍAV um efnisvinnsluna samkvæmt ákvæðum makaskiptasamningsins þar sem kveðið verður sérstaklega á um áfangaskiptingu vinnslunnar sem og magn og vinnslutíma hvers áfanga.

Umhverfisstofnun telur að í tilkynningu um efnistöku vegna hugsanlegrar matsskyldu eigi að koma fram hugmyndir um hvernig staðið verði að efnistökkunni, fyrirhugaðri áfangaskiptingu og frágangi að efnistöku lokinni. Stofnunin bendir á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal áður en leyfi er veitt til náms jarðefna liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Í tilkynningu um framkvæmdina segir: „*Aðkoma að efnisnámmum verður eftir fyrirhuguðum götum innan skipulagssvæðisins, en á nesinu verða slóðar lagðir þar sem reið- og göngustígar munu síðar koma, til að rask á landi, gróðri og klöppum verði sem minnst.*”

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skýringarmynd verður vegur að efnistökusvæðinu 6 m breiður og því breiðari en venjan er með göngu- og reiðstíga. Rask vegna vegalagningar verður því væntanlega töluvert meira en sem nemur raski vegna lagningar göngu- eða reiðstígar.

Náttúrufar

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á gróðurfari vegna framkvæmdarinnar, þar sem fyrirhugað er að golfvöllur komi á nesið í framhaldinu samkvæmt deiliskipulagi. Þar segir einnig: „*Engar sérstakar rannsóknir voru gerðar á lífríki Blikastaðaness vegna framkvæmdarinnar, en vísað í skýrslur Veiðimálastofnunar um Úlfarsá frá 1999 og 2001 og skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur frá 1996. Ekki er ástæða til að ætla að þessi framkvæmd hafi áhrif á lífríkið umfram það sem verður vegna íbúðabyggingar og byggingu golfvallar á nesinu og í nágrenninu.*”

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreindar skýrslur eru ekki fylgigögn með tilkynningu um framkvæmdina né er vísað í texta í skýrslunum. Slíkt hefði verið eðlilegt ef þar er að finna upplýsingar er varða náttúrufar svæðisins. Sú athugun á náttúrufari sem skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands fjallar um og framkvæmdaraðili vísar til náði þó ekki til Blikastaðaness enda um að ræða athugun á gróðurfari á nokkrum óbyggðum svæðum í landi Reykjavíkur.

Í greinargerð með auglýstri tillögu að deiliskipulagi fyrir Blikastaðanes segir m.a.: „*Að minnsta kosti einn þriðji hluti nessesins skal vera til sameiginlegra nota og hluti af sameiginlegu útivistarsvæði Mosfellsbæjar. Uppbygging og viðhald útivistarsvæða verður á vegum bæjarins. Allt svæði utan golfbrauta og æfingarsvæðis telst sameiginleg útivistarsvæði og skal það vera óhreyft nema að heimilt er að koma þar fyrir göngu- og reiðstígum.*”

Fyrirhuguð efnistaka raskar svæði utan þeirra golfbrauta sem verða innan afmarkaðs efnistökusvæðis og þar með svæði sem skal vera óhreyft samkvæmt fyrrgreindri deiliskipulagsstillögu. Verði af fyrirhugaðri efnistöku verður því ekki hægt að uppfylla framangreint ákvæði í greinargerð deiliskipulagsins. Umhverfisstofnun telur ljóst að fyrirhuguð efnistaka hafi áhrif á lífríkið umfram það sem verður vegna byggingar golfvallar

enda er það svæði sem raskast vegna efnistökkunnar stærra en það svæði sem afmarkað er undir golfbrautir skv. deiliskipulagstillögu fyrir Blikastaðanes. Að mati stofnunarinnar er um að ræða óafturkræf áhrif á land sem átti að vera óhreyft skv. tillögu að deiliskipulagi.

Í kafla 6.1, Rask á landi, í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að þar sem ástæða þyki til verði viðkvæm svæði og friðlýst afgirt. Ekki kemur fram um hvaða svæði er að ræða.

Vatnafar

Úlfarsá ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna er á náttúruminjaskrá. Blikastaðakró (fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju) og Leiruvogur (óshólmar Leirvogsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi) eru einnig á náttúruminjaskrá. Við það er almennt miðað þegar strandlengja er sett á náttúruminjaskrá að um sé að ræða 100 m breitt belti ofan við fjöru og/eða sjávarhamra. Úlfarsá og umhverfi hennar eru einnig skilgreind sem hverfisverndarsvæði í staðfestu aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024. Í umfjöllun um flokkun vatnasvæða í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að stefnt er að því að Úlfarsá verði vatnasvæði í flokki I (skilgreining skv. reglugerð sem fallin er úr gildi). Í skýrslu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um flokkun vatna á Kjósarsvæðinu, Úlfarsá, er lagt til að langtímamarkmið um flokkun árinna skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns verði flokkur A, þ.e. ósnortið vatn.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að tryggja að efnistaka á Blikastaðanesi hafi ekki áhrif á vatnafar svæðisins. Stofnunin bendir á að í umfjöllun um ofanvatn og grunnvatnsstreymi í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði eftir tillögum hönnuða um frágang námu að vinnslu lokinni en þeirra tillagna er ekki getið nánar.

Hljóðvist

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafa verið gerðir hljóðstigsútreikningar vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Í tilkynningunni segir m.a. um umferð og hljóðvist:

„Næstu íbúðarhús eru í um 500 m fjarlægð frá austustu brún efnisvinnslusvæðisins. Þúast má við nokkurri umferð þungaflutningabíla frá námuvinnslnni og að byggingarsvæðum á Svæði 1 í Blikastaðalandi. Sú umferð verður í um 200 m fjarlægð frá núverandi byggð. Ennfremur má þúast við nokkrum hávaða frá efnisnámunni, bæði þegar verið er að sprengja og við frekari meðhöndlun efnis þaðan.“

Þá kemur fram að fyrirhugaðar mótvægisgerðir felast í því að útbúa jarðvegsmanir við austurenda efnisvinnslusvæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að auk hávaða vegna umferðar, sprenginga í námunni og efnisvinnslu (mölunar) getur titringur af völdum sprenginga valdið óþægindum.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að framkvæmdaraðili geri grein fyrir hljóðstigi á íbúðarsvæði og útvistarsvæði í nágrenni við efnistökusvæðið og meti titring af völdum sprenginga.

Útivist

Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a.: *„Engir stígar hafa enn verið lagðir á Blikastaðanesi, en gönguleið er í fjörunni meðfram nesinu.“*


Umhverfisstofnun bendir á að reiðstígur sem á að liggja meðfram strönd Blikastaðaness samkvæmt auglýstri deiliskipulagstillögu hefur nú þegar að hluta til verið lagður. Einnig liggur göngustígur í nánd við efnistökusvæðið. Umhverfisstofnun telur að


gera verði grein fyrir hugsanlegum áhrifum efnistökkunnar á útivist enda hefur Blikastaðanes verið nýtt til útivistar. Gera má ráð fyrir að hávaði frá efnistökkunni og umferð um svæðið hafi áhrif á upplifun þeirra sem njóta vilja útivistar í nágrenni efnistökusvæðisins, jafnt gangandi fólks sem hestamanna. Þá má benda á að í landi Reykjavíkur, í grennd við efnistökusvæðið, er vinsæl gönguleið meðfram ströndinni og þar er einnig golfvöllur. Fyrirhuguð efnistaka á Blikastaðanesi gæti því haft áhrif á upplifun þeirra sem nýta útivistarsvæði í landi Reykjavíkur.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að leggja verði fram ítarlegri upplýsingar um fyrirhugaða efnistöku sbr. ábendingar hér að framan til að hægt sé að meta hvort hún kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þá bendir stofnunin á að ekki verður betur séð en að efnistakan eins og henni er lýst í gögnum framkvæmdaraðila falli undir 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,


Sigrós Friðriksdóttir


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs